



Fundur háskólaráðs 8. desember 2005

Fundargerð

Málsnúmer: HI05010007

Málalýklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 02.12.2005

Dags: 08.12.2005

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4000; 525 4300

Fax: 552 1331

15/2005

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2005, fimmtudaginn 8. desember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Bryndís Harðardóttir, Eiríkur Tómasson, Inga Jóna Þórðardóttir, Jóhannes R. Sveinsson, Jón Ó. Skarphéðinsson, Matthías Páll Imsland, Rögnvaldur Ólafsson og Vilhjálmur Árnason. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

1. Erindi til háskólaráðs

1.1 Drög að reglum um styrki til doktorsnema við Háskóla Íslands úr Háskólasjóði Eimskips, sbr. síðasta fund.

Rektor gerði grein fyrir framlögðum endurskoðuðum drögum frá síðasta fundi ráðsins að reglum um styrki til doktorsnema við Háskóla Íslands úr Háskólasjóði Eimskips. Málið var rætt ítarlega. Að umræðu lokinni bar rektor reglurnar í heild sinni undir atkvæði.

- Samþykkt einróma.

1.2 Stjórnir, nefndir og ráð:

a) Skipan úthlutunarnefndar Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands til næstu tveggja ára, þ.e. til 30. júní 2007.

Rektor gerði grein fyrir stöðu málsins.

- Háskólaráð felur rektor að ganga frá skipun úthlutunarnefndar Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands í samráði við formann stjórnar sjóðsins.

b) Endurnýjuð skipun hugverkanefndar til næstu tveggja ára, þ.e. til 30. júní 2007.

- Samþykkt einróma að nefndin verði endurskipuð til tveggja ára þeim Þórdísi Kristmundsdóttur, prófessor í lyfjafræðideild H.Í., formanni, Jóni Atla Benediktssyni, prófessor í verkfræðideild H.Í. og Torfa Magnússyni, forstöðumanni rannsókn- og þróunarstarfs Landspítala-háskólasjúkrahúss.

c) Skipun formanns stjórnar Stofnunar Sæmundar fróða.

Rektor gerði grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma að skipa Árnýju Sveinbjörnsdóttur, vísindamann á Raunvísindastofnun Háskólans, formann stjórnar Stofnunar Sæmundar fróða. Hún kemur í stað Þóru Ellenar Þórhallsdóttur sem vegna formennsku í námsstjórn meistaranáms í umhverfis- og auðlindafræði hefur óskað eftir að láta

af störfum sem formaður stjórnar stofnunarinnar.

1.3 Tillaga hugverkanefndar háskólaráðs að breytingu á verklagsreglum við hagnýtingu hugverka, sbr. síðasta fund.

Rektor gerði grein fyrir málinu og framlagðri tillögu hugverkanefndar að breytingu á verklagsreglum við hagnýtingu hugverka. Eru breytingarnar til samræmis við lög nr. 72/2004 um uppfinningar starfsmanna. Málið var rætt. Að umræðu lokinni bar rektor upp þá tillögu að í 5. gr. bætist við aftan við 2. setn. svohljóðandi setning: „Hugverkanefnd er skipuð til tveggja ára í senn.”

- Samþykkt einróma.

1.4 Tillögur deilda um fjöldatakmörkun háskólaárið 2006-2007. Sjá meðfylgjandi yfirlit.

Rektor gerði grein fyrir framlögðum tillögum deilda um fjöldatakamarkanir háskólaárið 2006-2007. Greindi rektor m.a. frá því að tillögurnar um takmörkun í heilbrigðisvísindadeildum hafi verið ræddar á fundi stefnunefndar H.Í. og LSH föstudaginn 2. desember sl. og gerði nefndin engar athugasemdir við þær.

- Frestað.

1.5 Verklag við skipun nefnda, ráða og starfshópa innan Háskóla Íslands. Sjá meðfylgjandi tillögu starfshóps rektors.

Eiríkur Tómasson gerði grein fyrir málinu og var það rætt. Að lokinni umræðu bar rektor upp þá tillögu að í stað þess að notast verði við þrens konar viðmið um tímagjald skuli viðmiðið fyrir lektora, dósentna og fasta starfsmenn í stjórnsýslu gilda fyrir alla fulltrúa í nefndum, starfshópum og stjórnnum.

- Samþykkt einróma.

1.6 Samstarf Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri um asísk fræði.

Rektor gerði grein fyrir framlögðum gögnum, þ.e. minnisblaði um asísk fræði, drögum að samningi milli Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri um Asíuver Íslands sem og samkomulagi milli sömu skóla um sameiginlega skipan námsleiðar í Austur-Asíufræðum. Um samnýtingu er að ræða á námi sem þegar er í boði og kallar samstarfið ekki á kostnaðarauka. Málið var rætt og lýstu fulltrúar í háskólaráði ánægju sinni með þetta framtak.

- Samþykkt einróma.

2. Mál á dagskrá

2.1 Skipting fjárveitinga og fjárhagsáætlun Háskólans fyrir árið 2006.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og gerði ítarlega grein fyrir framlögðu minnisblaði nefndarinnar um skiptingu fjárveitinga á árinu 2006. Málið var rætt og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum. Málið verður áfram á dagskrá á næsta fundi háskólaráðs.

2.2. Málefni vinnumatssjóðs, sáttmálasjóðs og ársmatssjóðs, sbr. síðasta fund:

a) Tillaga rektors um að þeim starfsmönnum Háskólans sem fengið hafa úthlutað úr vinnumatssjóði Félags háskólakennara og ársmatssjóði verði bætt launatengd gjöld fyrir árin 2004 og 2005, sbr. bréf rektors til formanns Fh, dags. 21. nóvember sl. og meðfylgjandi greinargerð.

Inn á fundinn kom Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri rekstrar og framkvæmda, og gerði grein fyrir málinu sem var rætt.

- Samþykkt einróma.

b) Fjárhagsleg samskipti H.Í. og stofnana vegna vinnumatssjóðs, sáttmálasjóðs og ársmatssjóðs.

- Háskólaráð samþykkir einróma þá niðurstöðu sem fram kemur í framlögðum gögnum um fund H.Í. og menntamálaráðuneytisins er haldinn var 23.11.2005. Óskað er eftir því að ráðuneytið staðfesti þessa niðurstöðu.

Fulltrúi Félags háskólakennara og Félags prófessora sat hjá við afgreiðslu liða a) og b).

2.3 Erindi stúdents frá Kaupmannahafnarháskóla, sbr. síðasta fund.

Inn á fundinn kom Kristján Erlendsson, varaforseti lækandeildar, og gerði grein fyrir málinu og framlögðu minnisblaði læknadeildar. Einnig greindu fulltrúar í starfshópi háskólaráðs, sem fylgt hafa málinu eftir á milli funda, frá sjónarmiðum sínum.

- Samþykkt einróma að fela starfshópi háskólaráðs, ásamt framkvæmdastjóra akademískrar stjórnarsýslu og lögfræðingi H.Í., í samráði við stjórnendur læknadeildar að undirbúa afgreiðslu málsins fyrir næsta fund háskólaráðs.

3. Mál til fróðleiks

3.1 Álit umboðsmanns Alþingis um breytingar á viðbótarlaunum opinberra starfsmanna.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 16.10.